

Miðvikudaginn 9. október 1996.

Nr. 375/1996.

Nína Þórðardóttir

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Steinari Guðmundssyni

(enginn)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 17. september 1996, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að sóknaraðila yrði gert að setja málskostnaðartryggingu í máli sínu á hendur honum. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómara verði gert að taka málið til frekari meðferðar, án þess að hún leggi fram málskostnaðartryggingu. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í úrskurði héraðsdómara, greinir sóknaraðili meðal annars frá því í héraðsdómsstefnu, að frá því að málsaðilar slitu samvistir, hafi hún „í raun . . . verið á hrakhólum, atvinnulaus að mestu og að hluta til á framfærslu félagsmálayfirvalda í Reykjavík“. Í málinu eru hins vegar engin gögn um fjárhag sóknaraðila að öðru leyti eða efnahag hennar, og liggur ekkert fyrir um, hvort lánardrottinnar hennar hafi án árangurs leitað fullnustu á kröfum á hendur henni. Er af þessum sökum ekki unnt að fallast á, að varnaraðili hafi leitt nægar líkur að því, að sóknaraðili sé ófær um að greiða málskostnað, svo sem áskilið er í b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Verður sóknaraðila því ekki gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Steinars Guðmundssonar, um, að sóknaraðila, Nínu Þórðardóttur, verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli hennar á hendur honum.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.
